

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

*Espilaut úr landi Espihóls.*

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 17. apríl 2024 deiliskipulag fyrir íbúðarhús á lóðinni Espilaut í landi Espihóls skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er um 1,4 ha að stærð og afmarkast af landamerkjum Espihólts í norðvestri, Espilundar í norðaustri og Espihóls í suðri og austri. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir einni íbúðarhúsalóð með aðkomu frá Víðigerðisvegi (nr. 8330).

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Eyjafjarðarsveit, 18. apríl 2024.*

**Vigfús Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 6. maí 2024